


Niðurstöður eftirlits með flutningi úrgangs á milli landa 2023



Niðurstöður eftirlits með flutningi úrgangs á milli landa 2023

Nóvember 2024

Útgefandi Umhverfisstofnun

Útgáfunúmer UST-2024:14

Suðurlandsbraut 24

108 Reykjavík

Sími 591 2000

www.ust.is

Efnisyfirlit

1. Inngangur	4
2. Niðurstöður eftirlits.....	4
2.1 Óheimilt er að flytja tilteknar tegundir úrgangs milli tiltekinna landa	5
2.2 Skýlt er að tilkynna inn- og útflutning hættulegs úrgangs og úrgangs sem fer til förgunar.....	5
2.3 Útflutningi á úrgangi til endurnýtingar þarf að fylgja sérstakt fylgiskjal	6
2.4 Innflutningi á úrgangi til endurnýtingar þarf að fylgja sérstakt fylgiskjal.....	6
2.5 Óheimilt er að flytja úrgang sem vöru á milli landa	7
3. Ólöglegir flutningar á úrgangi milli landa	7
4. Ályktanir	8
Heimildir.....	9

1. Inngangur

Í þriggja ára eftirlitsáætlun um flutning úrgangs milli landa 2021-2023 kemur fram að Umhverfisstofnun muni árlega taka saman skýrslu um framkvæmd eftirlitsins og niðurstöður þess. Í eftirlitsáætluninni koma fram skyldur stofnunarinnar varðandi eftirlit með flutningi úrgangs milli landa og eru þær eftirfarandi:

- Óheimilt er að flytja tilteknar tegundir úrgangs milli tiltekinna landa.
- Tilkynna skal inn- og útflutning hættulegra efna og úrgangs sem fer til förgunar.
- Útflutningi á úrgangi þarf að fylgja sérstakt fylgiskjal.
- Innflutningi á úrgangi þarf að fylgja sérstakt fylgiskjal.
- Óheimilt er að flytja úrgang sem vöru á milli landa.

Í árlegri framkvæmdaáætlun eru síðan settar fram áherslur fyrir eftirlit sem byggja á ofangreindum þáttum, sem og yfirliti frá tollgæslusviði Skattsins yfir flutning úrgangs, sem notaðar voru til að leggja grunn að eftirliti með flutningi úrgangs milli landa. Önnur atriði við forgangsröðun eftirlitsins byggja á eftirlitsniðurstöðum fyrri ára, sem og eftirlitsniðurstöðum og eftirlitsáherslum á Evrópuvettvangi. Áherslur í eftirliti geta því verið breytilegar og er framkvæmdaáætlun eftirlitsins vinnuskjal stofnunarinnar, sem er ekki ætluð til opinberrar birtingar.

2. Niðurstöður eftirlits

Framkvæmd og skipulag eftirlitsins var sett fram í framkvæmdaáætlun fyrir eftirlitstímabilið 2023. Eftirlit var framkvæmt hjá 10 fyrirtækjum (tafla 1).

Tafla 1: Listi yfir eftirlitsþega árið 2023

Listi yfir eftirlitsþega árið 2023

Gagnaeyðing ehf.
Kemi ehf.
MariConnect ehf
Nox Medical ehf.
Pure North Recycling ehf.
Rio Tinto á Íslandi hf.
Sonik tækni ehf.
Thor Shipping ehf.
TVG-Zimsen ehf.
Vaka hf., björgunarfélag

Eftirfarandi eru niðurstöður eftirlits Umhverfisstofnunar með flutningi úrgangs milli landa árið 2023.

2.1 Óheimilt er að flytja tilteknar tegundir úrgangs milli tiltekinna landa

Samkvæmt 2. kafla reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1013/2006 um tilflutning úrgangs sem er innleidd með reglugerð nr. 822/2010 um flutning úrgangs á milli landa er óheimilt að flytja hættulegan úrgang og úrgang til förgunar til landa sem ekki hafa samþykkt ákvörðun OECD (C(2001)107/FINAL) um flutning úrgangs milli landa. Enn fremur er í gildi reglugerð (EB) nr. 1418/2007 að því er varðar verklagsreglur sem ber að fylgja við útflutning á úrgangi til tiltekinna landa. Reglugerð (EB) nr. 1418/2007 var innleidd með breytingar-reglugerð nr. 379/2014 á reglugerð nr. 822/2010 um flutning úrgangs á milli landa.

Eftirlitið byggði á gögnum frá tollgæslusviði Skattsins þar sem farið var yfir allar sendingar úrgangs á síðastliðnu ári, sem sendar voru til landa utan OECD-ákvörðunarinnar. Upplýsingar um sendingarnar voru rýndar með það að markmiði að ákvarða hvort um hættulegan úrgang eða úrgang til förgunar væri að ræða, miðað við upplýsingar í tollskýrslu, sem og kröfur einstakra landa, sem birtar eru í viðauka reglugerðar (EB) nr. 1418/2007. Um leið er haft eftirlit með því að tilskilin fylgiskjöl hafi fylgt sendingunum.

Alls var gerð athugasemd við sex sendingar úrgangs sem sendar voru út til landa sem ekki hafa samþykkt ákvörðun OECD á eftirlitstímabilinu. Í fimm af sex tilvikum var um að ræða útflutning á vöru en ekki úrgangi og átta eftirlitsþegar kvittanir því til sönnunar. Í einu tilviki var um að ræða útflutning úrgangs en skráning á sendingunni var ranglega skráð til lands utan OECD, þegar sendingin fór í raun til Póllands. Engin frávik komu því fram í eftirliti með þessum hluta árið 2023.

Á síðastliðnum þremur árum hefur enginn útflutningur á hættulegum úrgangi eða úrgangi til förgunar til landa utan OECD uppgötvast í eftirlitinu. Á bilinu tvær til tíu sendingar endurvinnsluefna hafa árlega verið til landa utan OECD, en flutningur endurvinnsluefna til þessara landa er heimill. Engin frávik komu fram í eftirliti með þessum hluta á síðastliðnum þremur árum.

2.2 Skylt er að tilkynna inn- og útflutning hættulegs úrgangs og úrgangs sem fer til förgunar

Umhverfisstofnun sér um afgreiðslu tilkynninga vegna inn- og útflutnings hættulegs úrgangs og úrgangs til förgunar í samræmi við reglugerð (EB) nr. 1013/2006. Tilkynningar um flutning úrgangs ná yfirleitt yfir eins árs tímabil og algengt er að fjöldi sendinga undir sama tilkynningarnúmeri sé á bilinu 1 - 200.

Á eftirlitstímabilinu hafði stofnunin eftirlit með einni sendingu á úr sér gengnu ökutæki sem senda átti úr landi sem vöru en skv. tollgæslusviði Skattsins og Umhverfisstofnun var um hættulegan úrgang að ræða.

Á undanförnum þremur árum hafa engin frávik komið fram við eftirlit við gámaskoðun á hættulegum úrgangi. Umhverfisstofnun hefur þó komið með ábendingar um regluleg skil á Annex IB, útfyllingu skjala og tollskrárnúmer.

2.3 Útflutningi á úrgangi til endurnýtingar þarf að fylgja sérstakt fylgiskjal

Samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1013/2006, á útfyllt Annex VII skjal að fylgja með öllum sendingum úrgangs yfir 20 kg sem fluttur er til endurnýtingar. Einnig skal Annex VII fylgja sendingum af hættulegum úrgangi sem er sérstaklega ætlaður til greiningar á rannsóknarstofu, en þá miðast þyngd sendingar við 25 kg að hámarki.

Tafla 2: Innihald þeirra sendinga sem eftirlit var haft með árið 2023 fyrir verkferil 3

Tollskrárnúmer	Gerð úrgangs	Fjöldi sendinga	Kg
3915.9000	Plastúrgangur	2	24.640
4707.9000	Endurheimtur pappír eða pappi	2	51.380
7204.2900	Járnúrgangur	2	29.580
7404	Koparúrgangur	1	14.112
	Samtals:	7	119.712

Mánaðarleg gögn frá tollgæslusviði Skattsins voru síuð með því að skoða aðeins úrgangstollsrkár-númer og sendingar yfir 20 kg. Haft var samband við tíunda hvert fyrirtæki á listanum sem úr varð. Alls var óskað eftir nánari upplýsingum frá útflytjendum 7 sendinga undir hinum ýmsu úrgangsflokkum (sjá töflu 2). Annex VII fylgiskjal var með í öllum tilfellum. Í einu tilfalli var Annex VII til staðar en undirskrift vantaði í reit 14.

Við hefðbundið eftirlit samkvæmt eftirlitsáætlun, hefur tilfellum þar sem Annex VII fylgiskjal vantaði með flutningi endurvinnslufna milli landa fækkað jafnt og þétt. Árið 2019 voru frávikin átta og engin frávik voru árin 2020-2021. Árið 2022 kom síðan fram eitt frávik og tvö árið 2023.

Ef frávik koma upp er áréttað við útflytjanda að ólöglegt sé að senda út úrgang án sérstaks fylgiskjals (Annex VII) og í kjölfarið er þeim leiðbeint um útfyllingu þess ef um fyrsta frávik er að ræða.

2.4 Innflutningi á úrgangi til endurnýtingar þarf að fylgja sérstakt fylgiskjal

Samkvæmt reglugerð nr. 1013/2006, á Annex VII fylgiskjal að fylgja með öllum sendingum úrgangs yfir 20 kg sem fluttur er til landsins til endurnýtingar.

Skatturinn hefur eftirlit með framkvæmd tollamála á landsvísu og tollgæslusvið Skattsins sér um eftirlit með inn- og útflutningi vara samkvæmt tollalögum nr.

88/2005. Umhverfisstofnun hefur samráð við tollgæsluna, sem hefur eftirlit með þeim sendingum sem endurspeгла þau tollskrárnúmer sem líklegt þykir að innihaldi aðallega úrgang.

2.5 Óheimilt er að flytja úrgang sem vöru á milli landa

Umhverfisstofnun hafði eftirlit með útflutningi á ökutækjum, plastumbúðum og öðrum flokkum yfir eftirlitstímabilið. Í þeim tilfellum sem Umhverfisstofnun taldi að líkur væri á ólöglegum útflutningi úrgangs að ræða undir tollskrárnúmerum sem tengjast þessum vörflokkum, var í öllum tilfellum um útflutning á vöru að ræða en ekki úrgang og fengust kvittanir því til staðfestningar.

Í tveimur tilvikum hafði tollgæslusvið Skattsins samband varðandi vöruskoðun fyrir útflutning á vöru sem leit út fyrir að vera úrgangur. Í öðru tilvikinu var um raftæki að ræða, þar var sýnt fram á kvittanir sem sýndu fram á að um vöru var að ræða en ekki úrgang. Í hinu tilvikinu var um bíl og varahluti bíla að ræða. Bíllinn var illa farinn og fylltur með varahlutum. Það tilvik endaði með því að Umhverfisstofnun gerði athugasemd við flutninginn en útflytjandinn útvegaði í kjölfarið öll tilskilin gögn og sendingin var því ekki stöðvuð.

3. Ólöglegir flutningar á úrgangi milli landa

Tilvik sem flokkuð eru sem ólöglegir flutningar samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1013/2006, til eða frá landinu eru afar sjaldgæf og oftast er hægt að leysa málin án þess að til málareksturs komi.

Árið 2023 var grunur um ólöglega sendingu á bíl og bílvarahlutum (sjá lið 2.5.) Málið endaði á því að öll fullnægjandi gögn voru send og sendingin var ekki stöðvuð.

Síðan árið 2020 hafa komið upp fimm tilvik þar sem mögulega var um ólöglegan flutning á úrgangi að ræða. Eitt tilvik var frá árinu 2020, varðandi flutning skipa til endurvinnslu. Það mál er enn í rannsókn hjá íslenskum stjórnvöldum. Tvö tilvik eru síðan frá árinu 2021. Það fyrra varðar fullgilda tilkynningu um flutnings á hættulegum úrgangi til endurvinnslustöðvar í Bretlandi, sem síðan hætti starfsemi á vinnslu umrædds úrgangs. Málið leystist þannig að íslenski tilkynnandinn tók úrganginn til baka til sín og kom úrganginum í annan endurvinnslufarveg. Síðara tilvikið varðaði flutning á endurvinnsluefnum til rannsókna í Svíþjóð. Í því tilviki heimiluðu yfirvöld flutninginn eftir að ábyrgðaraðili sendingarinnar útvegaði tilskilin fylgiskjöl. Önnur tvö tilvik voru síðan 2022, þar var ein sending stöðvuð af íslensku tollgæslunni vegna ófullnægjandi upplýsinga með innflutningi af koldíoxíði. Niðurstaða málsins var að innflutningurinn væri ekki ólöglegur, en félli undir undanþáguheimild um niðurdælingu koldíoxíðs. Eitt tilvik var um ólöglegan flutning á hættulegum úrgangi á árinu 2022. Um var að ræða tilkynningarskyldan úrgang sem hafði fullgilt samþykki. Hinsvegar reyndist heildarmagn úrgangsins sem sendur var til endurvinnslu, yfir samþykktum heimildum. Að beiðni yfirvalda í viðtökulandi

staðfesti sendandi að ekki yrði um fleiri sendingar að ræða á viðkomandi tilkynningu og þar með var málið látið niður falla.

Á árinu var samstarf með tollgæslusviði Skattsins eftl. Þónokkrir fundir voru haldnir með fulltrúum frá tollgæslusviðinu og grunnur lagður að auknu samstarfi milli Umhverfisstofnunar og tollgæslusviðs. Mikilvægt er að efla þetta samstarf enn meira á komandi árum og samnýta þekkingu, þar sem tollgæslusvið Skattsins hefur mikla þekkingu á inn- og útflutningi og mikil þekking er til staðar í Umhverfisstofnun varðandi flutning úrgangs milli landa.

4. Ályktanir

Samkvæmt niðurstöðunum sem raktar voru hér að framan var haft eftirlit með alls 23 sendingum af úrgangi sem fluttar voru yfir landamæri á eftirlitsárinu. Eitt frávik kom í ljós í reglubundnu eftirliti ársins 2023, þar sem undirskrift vantaði í Annex VII fylgiskjal. Við reglubundið eftirlit á undanförunum þremur árum hafa ekki komið fram alvarleg frávik við flutninga á úrgangi til eða frá landinu. Frá árinu 2020 hefur Umhverfisstofnun hafa komið fram samtals sex atvik þar sem mögulega var um ólöglegan flutning að ræða. Í öllum tilvikum voru það eftirlitsaðilar í viðtökulöndum sem létu stofnunina vita um frávikin. Frávikin voru leyst með fullnægjandi hætti, en eitt tilvik er enn í rannsókn hjá íslenskum stjórnvöldum. Frávikum hefur fækkað verulega í reglubundnu eftirliti þar sem vantar þar til gert fylgiskjal (Annex VII) með útflutningi úrgangs. Þetta bendir til þess að eftirlitið hafi almennt skilað sér í aukinni þekkingu úrgangsmeðhöndlunaraðila með skyldum sem tengjast útflutningi endurvinnsluefna. Á komandi árum er því tilefni til að leggja meiri áherslu á samstarf við aðila eins og tollgæslusvið Skattsins og flutningsaðila sem koma að inn- og útflutningi úrgangs þannig að þekking á kröfum sem gilda um þessa flutninga nýtist sem best til að tryggja vernd umhverfis og heilbrigði manna.

Heimildir

Ákvörðun OECD (C(2001)107/FINAL). <https://actionguide.info/m/pubs/531/>

Lög um hollustuhætti og mengunarvarnir nr 7/1998.

List of OECD Member countries. <https://www.oecd.org/en/countries.html>

Reglugerð (EB) nr. 1013/2006 um tilflutning úrgangs sem er innleidd með reglugerð 822/2010 um flutning úrgangs á milli landa.

Reglugerð (EB) nr. 1418/2007 að því er varðar verklagsreglur sem ber að fylgja við útflutning á úrgangi til tiltekinna landa.

Tollalög nr 88/2005